

Land og skógur

Stefna 2026-2030

Nóvember 2025



Efnisyfirlit

Ávarp forstöðumanns, samantekt og vinnuferli	3
Stöðugreining	7
Hlutverk LOGS gagnvart lögum	8
Þættir úr starfsemi Lands og skógar	9
Núverandi staða LOGS	10
Stefnumótun LOGS	11
Framtíðarsýn	12
Gildi	14
Stefnuáherslur	15
Viðauki	26

Fyrirvari

Eftirfarandi skjal inniheldur niðurstöður stefnumótunar Lands og skógar (LOGS) sem KPMG vann að beiðni LOGS á tímabilinu ágúst-nóvember 2025.

Niðurstöður byggjast á greiningum fyrirbyggjandi gagna, viðtölum og fundum með hagaðilum.

Ekki hefur verið framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra gagna sem byggt er á en miðað er við að um traustar heimildir sé að ræða. KPMG getur ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi.

KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli niðurstaðna skýrslunnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli skýrslunnar eða niðurstaðna sem í henni eru, er á höndum þeirra sem að málinu kunna að koma.

Tengiliðir verkefnis

Sævar Kristinsson	Jóhanna G. Guðmundsdóttir	Magnús Kristjánsson
Verkefnastjóri	Sérfræðingur	Hluthafi
S: 824-2424	S: 846-5371	S: 545-6543
skristinsson@kpmg.is	johannagudmunds@kpmg.is	mkristjansson@kpmg.is

Ávarp forstöðumanns

LOGS hefur nú farið í gegnum fyrsta lífsskeið sitt og er brátt tveggja ára. Einkennandi fyrir þetta fyrsta tímabil var eins og búast mátti við hinar hagnýtu hliðar sameiningar. Það þarf að samræma allskonar kerfi og reglur, samninga og starfsaðstæður og finna taktinn. Þetta hefur verið lærdómsríkt tímabil og það hefur reynt á margvíslega þætti og ekki síst þolgæði og útsjónarsemi starfsfólks LOGS. Margt hefur gengið vel en annað síður eins og búast mátti við. Það er flókið að sameina tvær rúmlega aldargamlar stofnanir þó svo að líkindi verkefnanna séu veruleg. Fyrir tveimur árum síðan var fyrsta stefna og starfsskipulag LOGS sett saman og við þau tímamót var jafnframt ályktað að skipulagið yrði endurskoðað fljótlega. Nú er komið að því.

Á vinnufundi framkvæmdaráðs LOGS í Gunnarsholti í apríl síðastliðnum var ályktað um að hefja þessa endurskoðun enda þekking og reynsla komin á starfið. Fljótlega var ákveðið að fá til samstarfs og aðstoðar þau Sævar Kristinsson og Jóhönnu Gunnþóru Guðmundsdóttur, ráðgjafa hjá KPMG, og reyndist það heillaskref því vinnan hefur verið ánægjuleg og markviss frá upphafi og við höfum mikla trú á þeirri stefnumörkun og stjórnskipulagi sem nú liggur fyrir.

Við höfum leitað til starfsfólks LOGS og fjölda mikilvægra hagaðila og það hefur ekki staðið á hugmyndum og hjálplegum athugasemdum til að vinna með.

Þá höfum við getað nýtt afar mikilvæg gögn sem hafa safnast m.a. á málfundum LOGS, með ábendingum frá starfsfólki varðandi hagfelldan rekstur og þegar ráðgjafar okkar kölluðu eftir ábendingum og hugmyndum frá öllu starfsfólki stofnunarinnar með sérstakri skoðanakönnun.

Við höfum greint þá þætti sem við teljum mestu skipta til að ná framúrskarandi árangri á næstu árum hjá LOGS og setja niður fyrir okkur hvernig best sé að skipuleggja stofnunina. Stefnan til framtíðar leggur áherslu á öflugan mannauð, skilvirka starfsemi, þjónustu, samstarf og faglega upplýsingagjöf.

Sú stefnumörkun sem nú liggur fyrir er afar mikilvæg fyrir hina ungu stofnun Land og skóg. Með endurskoðaðri stefnu og nýju stjórnskipulagi erum við sannfærð um að LOGS sé tilbúin að takast á við hin geysilega þýðingarmiklu verkefni sem okkur hafa verið falin á næstu árum.

Við hjá LOGS getum verið afar stolt af okkar öflugu stofnun og mikilvæga starfi. Til okkar eru gerðar miklar væntingar og kröfur sem við erum staðráðin í að rísa undir - við ætlum að vera leiðandi í sjálfbærri landnýtingu.



Framtíðarsýn LOGS



Samantekt niðurstaðna – Stefnuáherslur

Eftirfarandi eru stefnuáherslur LOGS til 2030.




Öflugur mannauður

- Þekking og fagmennska
- Ánægt starfsfólk
- Markviss teymisvinna



Fagleg upplýsingagjöf

- Landupplýsingar
- Markvisst fræðslustarf
- Sýnileiki árangurs



Skilvirk starfsemi



- Traustur rekstur
- Skipulag sem endurspeglar samþætta starfsemi LOGS
- Skýrir verkferlar sem að auka hagkvæmni og skilvirkni
- Samræmt árangursmat

Þjónusta og samstarf



- Þjónum á faglegum forsendum
- Markvisst samstarf við hagaðila
- Öflugt rannsókn- og þróunarstarf

Vinnuferlið við stefnumótun LOGS

Rýni gagna

Stefnumótun LOGS var unnin á seinnihluta árs 2025. Fyrirliggjandi gögn um starfsemina voru rýnd, þ.á.m. stefna og aðgerðaáætlun stjórnvalda (Land og líf) og könnun meðal starfsfólks LOGS frá í janúar 2025.

Viðtöl og könnun

Tekin voru viðtöl bæði við stjórnendur LOGS sem og valda ytri hagaðila stofnunarinnar. Jafnframt var rafræn könnun send út til starfsfólks LOGS til að fá þeirra innlegg í stefnumótunarvinnuna.

Niðurstöður

Með fyrirliggjandi gögn að leiðarljósi var stefna mótuð og tillaga að markmiðum fyrir stofnunina til ársins 2030. Jafnframt var nýtt stjórnskipulag mótað fyrir LOGS.

Vinnustofur

Vinnustofur með framkvæmdastjórn voru haldnar á Varmalandi í lok ágúst og í Reykjavík í október. Markmiðið var að fanga stöðu LOGS, áskoranir og tækifæri framtíðar og þau brýnustu málefni sem þarf að hafa í huga við gerð nýrrar stefnu.

Úrvinnsla gagna

Upplýsingar frá vinnustofum, úr viðtölum og könnun tekin saman, ásamt rýni á stjórnskipulagi.

Stöðugreining

The image shows a wide, calm body of water, possibly a lake or a large river, under a heavy, overcast sky. In the foreground, there are large, dark, moss-covered rocks and patches of green grass. The middle ground features a dense forest of evergreen trees on the right side, and a line of trees and shrubs along the water's edge. In the background, rolling hills and distant mountains are visible, with a small body of water nestled between them. The overall atmosphere is serene and somewhat somber due to the cloudy weather.

Hlutverk LOGS samkvæmt lögum

Land og skógur er þekkingarstofnun á sviði gróður- og jarðvegsauðlinda og gegnir mikilvægu rannsókna-, eftirlits-, og fræðsluhlutverki við að vernda, endurheimta og bæta þessar auðlindir Íslands og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra.

Markmið stofnunar

Meginmarkmið LOGS eru að bæta gróður- og jarðvegsauðlindir þjóðarinnar, nýta land af sjálfbærni, vakta og hafa yfirsýn, stuðla að bindingu kolefnis. Jafnframt að virkja og fræða almenning og hagsmunaaðila um gróður- og jarðvegsvernd, sjálfbæra nýtingu lands, uppbyggingu og endurheimt vistkerfa, skóga og skógrækt.

Lög um Land og skóg

Samkvæmt lögum um Land og skóg, nr. 66/2023, hefur stofnunin eftirlit með og annast framkvæmd laga um landgræðslu og laga um skóga og skógrækt. Þá annast stofnunin jafnframt daglega stjórnsýslu samkvæmt þeim lögum ásamt öðrum lögum sem stofnunin starfar eftir og alþjóðlegum samningum sem snerta viðfangsefni stofnunarinnar.

Heimildir:

Lög um Land og skóg nr. 66/2023: [66/2023: Lög um Land og skóg](#) | [Lög](#) | [Alþingi](#)

Land og líf: Landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt – [Stefna og framtíðarsýn](#) í landgræðslu og skógrækt til ársins 2031 (2022).



Þættir úr starfsemi Lands og skógar árið 2024




140
stöðugildi




15
starfsstöðvar



3,8 milljarðar
velta árið 2024



Hlutfall beinna
styrkja af veltu



Landsvæði Íslands í
umsjá LOGS

1.147
þjónustusamningar



136
jarðir í umsjá LOGS

Núverandi staða LOGS

LOGS varð til við sameiningu Skógræktarinnar og Landgræðslunnar árið 2023. Síðan þá hefur stofnunin unnið ötullega að fjölmörgum verkefnum í takt við hlutverk stofnunarinnar og aðgerðaáætlun stjórnvalda (Land og líf). Verkefnin styðja við markmið um sjálfbæra landnýtingu.

Styrkur LOGS felst m.a. í eftirfarandi þáttum:

- Djúpri sérfræðilekkingu á málefnum sjálfbærrar landnýtingar
- Mikilvægu hlutverki í aðgerðum sem stuðla að því að draga úr losun Íslands frá landi og binda kolefni
- Nálægð við þjónustuþega með starfsstöðvum víða um land
- Margvíslegum samstarfsflötum við landeigendur, stofnanir og aðra hagaðila



A scenic landscape featuring a calm lake in the middle ground, surrounded by lush green forests and rolling hills. In the foreground, there are large, dark, moss-covered rocks. The sky is overcast with grey clouds. The text is overlaid on the left side of the image.

Framtíðarsýn, gildi, stefna og markmið

Framtíðarsýn LOGS



Sjálfbær landnýting

Sjálfbær landnýting er nýting lands og auðlinda þess (jarðvegur, vatn, gróður, dýr) til að mæta þörfum mannkyns án þess að skerða getu vistkerfa til að viðhalda sér og þjóna komandi kynslóðum. Sjálfbær landnýting er grundvallarundirstaða sjálfbærs samfélags og tryggir að landnýting leiði ekki til hnignunar á gæðum lands.



- Land og líf

Gildi LOGS

Þekking, samstarf og jákvæð áhrif eru þau gildi sem starfsfólk LOGS hefur að leiðarljósi til að ná árangri í störfum sínum.



Stefna LOGS

Þjónandi þekkingarstofnun í sjálfbærri landnýtingu


Eftirfarandi eru stefnuáherslur LOGS. Þær byggja allar á framtíðarsýn stofnunarinnar um að vera leiðandi í sjálfbærri landnýtingu.

Stefnuáherslur LOGS til ársins 2030


Á komandi árum verður lögð áhersla á að samþætta alla starfsemi LOGS. Samþætting starfseminnar er forsenda þess að stefnuáherslur nái fram að ganga. Til að vinna að þeirri vegferð mun LOGS vinna markvisst með eftirfarandi stefnuáherslur:

- Öflugur mannauður
- Skilvirk starfsemi
- Þjónusta og samstarf
- Fagleg upplýsingagjöf

Fyrir hverja stefnuáherslu eru sett fram mælanleg markmið ásamt aðgerðum til árangurs sem eru til þess fallnar að stuðla að farsælli innleiðingu stefnunnar til ársins 2030.



Öflugur mannauður



LOGS sameinar sérfræðinga með djúpa þekkingu á sviði sjálfbærrar landnýtingar. Mikilvægt er að hlúa vel að mannauðnum sem er ein stærsta auðlind stofnunarinnar.

Stefna:

Við vinnum sem ein heild með sérþekkingu og fagmennsku að leiðarljósi.

Lykilmarkmið:

Þekking og fagmennska

Tryggt að sérhver staða og sérhvert verkefni sé mannað af einstaklingum sem hafi þá hæfni og þekkingu sem krafist er.


Ánægt starfsfólk sem nær árangri

Áhersla lögð á að byggja upp jákvætt, hvetjandi og faglegt vinnuumhverfi sem styður bæði einstaklinga og heildina innan LOGS.

Markviss teymisvinna

Unnið í sérhæfðum sem þverfaglegum teymum í verkefnum með traust, ábyrgð og árangur að leiðarljósi.

Öflugur mannauður – aðgerðir



Markmið og aðgerðir

1. Þekking og fagmennska

- A. Skerpa á hlutverkum og ábyrgð starfsfólks
- B. Endurskoða starfslýsingar
- C. Styrkja ut anumhald og skipulag verkefna
- D. Verkefni endurspegli kröfur til starfsfólks

2. Ánægt starfsfólk sem nær árangri


- A. Bæta aðbúnað og vinnuaðstöðu starfsfólks
- B. Góð og hvetjandi upplýsingagjöf innan og milli starfsstöðva og sviða LOGS
- C. Tryggja markvissa sí- og endurmenntun starfsfólks
- D. Byggja upp jákvæðan brag innan LOGS
- E. Framkvæma reglulegar starfsánægjukannanir

3. Markviss teymisvinna

- A. Auka samstarf þvert á svið og áherslur með skýrum ábyrgðarhlutverkum
- B. Innleiða og endurskoða teymisvinnu í öllu verklagi LOGS
- C. Efla stjórnendur í starfi



Skilvirk starfsemi



Skipulag þarf að taka mið af samþættri starfsemi LOGS. Ferlar eiga að styðja við árangur og samvinnu sviða og verkefna.

Stefna:

Við samþættum skipulag og ferla til að tryggja skilvirka og samhæfða starfsemi.

Lykilmarkmið:

Samræmt verklag og gæðakerfi

Skerpa á verkferlum til að auka hagkvæmni, skilvirkni og samræmt þjónustuframboð.


Skipulag endurspegli samþætta starfsemi

Skipulag styðji við aukna samþættingu, samvinnu og aðgengi upplýsinga, innan sem utan stofnunarinnar.

Skilvirkur rekstur

Tryggja skilvirkni í öllum rekstri LOGS með nýtingu stafrænnar tækni og fjárfestingu í viðeigandi innviðum.

Skilvirk starfsemi – aðgerðir



Markmið og aðgerðir

1. Samræmt verklag og gæðakerfi

- A. Styrkja gæðaferla og verklýsingar
- B. Innleiða gæðahandbók fyrir öll verkefni
- C. Samræma árangursmat verkefna
- D. Skerpa á árangursmælikvörðum

2. Skipulag endurspegli samþætta starfsemi


- A. Endurskoða stjórnskipulag
- B. Innleiða samþætta stefnuáherslur LOGS með kerfisbundnum hætti

3. Skilvirkur rekstur

- A. Markvisst verði fjárfest í innviðum stofnunarinnar til að auka skilvirkni
- B. Tryggja að fjármagn til reksturs og aðbúnaðar sé í samræmi við skilgreint þjónustustig
- C. Nýta tækifæri sem felast í stafrænni þróun, svo sem með samræmingu gagnagrunna og kerfa



Þjónusta og samstarf



LOGS er þjónustumiðuð stofnun en stór hluti starfseminnar snýr að því að veita hagaðilum ráðgjöf og þjónustu í sjálfbærri landnýtingu. Áhersla er lögð á að þjónusta stofnunarinnar og samstarf við hagaðila verði drifkraftur breytinga. Í því felst þjónusta sem eykur skilvirkni til að nálgast verkefni í takt við þarfir hagaðila.

Stefna:

Við veitum faglega þjónustu og hlúum að samstarfi sem skapar traust og framtíðarmöguleika.

Lykilmarkmið:

Þjónum á faglegum forsendum

Fagleg þjónusta LOGS skapi traust og feli í sér umbreytingu til hins betra. Ráðgjöf byggir á staðfestum gögnum, sérfræðiþekkingu og viðurkenndum aðferðum.


Markvisst samstarf við hagaðila

Áhersla sé lögð á frumkvæði að samstarfi við mismunandi hagaðila í þeim tilgangi að ná auknum árangri á sviði sjálfbærrar landnýtingar.

Öflugt starf í rannsóknum og þróun

Vera leiðandi aflu í rannsóknum og þróun með fjárfestingu í þekkingu, tækni og samstarfi.

Þjónusta og samstarf – aðgerðir



Markmið og aðgerðir

1. Þjónum á faglegum forsendum

- A. Skilgreina þjónustuframboð LOGS
- B. Virkja samráð milli rannsókna og ráðgjafar
- C. Tryggja skjóta og faglega svörun erinda
- D. Efla þjónustu eftir eðli starfsemi á jörðum í umsjá LOGS

2. Markvisst samstarf við hagaðila


- A. Virkja almenning og atvinnulíf, félagasamtök og landeigendur til sjálfbærrar landnýtingar með endurskoðun hvatakerfis
- B. Sérsníða þjónustu fyrir skilgreinda haghópa

3. Öflugt rannsókna- og þróunarstarf

- A. Skapa nýjar lausnir sem bæta ástand umhverfis og samfélags
- B. Byggja á framsýni, gagnadrifnum ákvörðunum og nánu samstarfi við innlendar og erlendar þekkingarstofnanir
- C. Styrkja samtarf við þekkingarsamfélagið með birtingu greina og fyrirlestra
- D. Sækja í verkefnastyrki sem styðja þróun og umbreytingu í málaflokkum stofnunarinnar



Fagleg upplýsingagjöf



Miðlun upplýsinga endurspeglar samþætta stofnun með sameiginlega sýn. Áhersla er á faglega upplýsingagjöf til hagaðila og að efla sýnileika árangurs.

Stefna:

Við miðlum faglegum upplýsingum sem styrkja grunn upplýstrar og ábyrgrar ákvarðanatöku.

Lykilmarkmið:


Skýr og fagleg upplýsingagjöf

Upplýsingagjöf og miðlun byggja á grunni þekkingar og fagmennsku og sé miðlað á skýran hátt til ólíkra markhópa.

Sýnileiki árangurs

Með markvissri miðlun upplýsinga sé stofnunin að uppfylla ítrustu kröfur um aðgengi að gögnum í rauntíma fyrir innri og ytri hagaðila LOGS.

Fagleg upplýsingagjöf – aðgerðir



Markmið og aðgerðir

1. Skýr og fagleg upplýsingagjöf

- A. Miðla mikilvægum áföngum og árangri LOGS með markvissum hætti til hagaðila
- B. Sérsníða upplýsingar fyrir ólíka hópa
- C. Umbætur í loftslagsbókhalði

2. Sýnileiki árangurs

- A. Safna gögnum á samræmdan hátt
- B. Auka nýtingu á landupplýsingatækni í öllum verkefnum LOGS
- C. Þróun og uppbygging mælaborða og árangursmælikvarða
- D. Birta valin gögn í rauntíma og fylgjast með árangri á mælanlegan hátt



Árangursmat

Árangur af framkvæmd markmiða verður metinn með eftirfarandi hætti:



Reglulegt samráð og endurmat

Reglulegt samtal um hlutverk, stefnu og gildi til að tryggja samstíga stofnun. Markmið og aðgerðir verða endurmetnar reglulega í takt við áherslur stjórnvalda. Þannig má tryggja að stefnan sé sveigjanleg og í takt við breytingar.



Markviss teymisvinna

Markvisst verði fylgst með teymisvinnu og árangri hennar í verkefnum og starfsemi LOGS.



Greining og birting lykiltalna

Árangursmælikvarðar verði skilgreindir og þróuð verði mælaborð til að fylgjast með framvindu þeirra í rauntíma.



Eftirlit og framvinda verkefna

Haldið verði skipulega utan um framvindu verkefna sem styðja við markmið og aðgerðir stefnunnar í samstarfi við verkefnastjóra og samstarfsaðila.



Nýting kannana

Kannanir nýttar til að fylgjast með ánægjuvísitölu LOGS. Til að mynda ánægjukannanir meðal starfsfólks, þjónustuþega og annarra hagaðila.



Árangurssögur

Upplýsingum um árangur sem næst verði miðlað með reglubundnum hætti til að varpa ljósi á ávinning af aðgerðum sjálfbærrar landnýtingar.

Endurskoðun stefnu

Stefna þessi er „lifandi skjal“ sem þarf að taka breytingum í takt við þann árangur sem næst við framfylgd stefnunnar og breytinga í samfélaginu hverju sinni.

Því er mikilvægt að endurskoða stefnuna með reglubundnum hætti yfir gildistíma hennar. Gert er ráð fyrir gagngerri endurskoðun á þriggja ára fresti.





Viðauki

Viðauki 1 – Sjálfbær landnýting

Sjálfbær landnýting er nýting lands og auðlinda þess (jarðvegur, vatn, gróður, dýr) til að mæta þörfum mannkyns án þess að skerða getu vistkerfa til að viðhalda sér og þjóna komandi kynslóðum. Sjálfbær landnýting er grundvallarundirstaða sjálfbærs samfélags og tryggir að landnýting leiði ekki til hnignunar á gæðum lands (úr Landi og Líf).

Grunnforsendur

Ástand lands og vistkerfa

- Heilbrigð vistkerfi hafa mikið þanþol og viðnámsþrótt
- Hnignuð vistkerfi eru viðkvæm og þurfa endurheimt áður en þau geta þjónað sem sjálfbær auðlind

Endurheimt og vernd

- Ef land er í slæmu ástandi (t.d. rof, gróðurleysi), þarf að grípa til aðgerða áður en það er nýtt frekar

Viðmið og mælikvarðar

- Notaðir eru mælikvarðar til að meta ástand lands og þróun þess yfir tíma (t.d. gróðurþekja, jarðvegsstöðugleiki, uppskerumagn)

Sveitarfélög og Land og skógur bera ábyrgð á innleiðingu og mati á ástandi lands.

Reglugerð nr. 670/2024 setur fram viðmið og leiðbeiningar um sjálfbæra landnýtingu á Íslandi.

„Nýting lands skal vera sjálfbær þannig að ekki sé gengið á auðlindir þess og þær endurheimtar eins og unnt er, og jafnframt að viðgangur og virkni vistkerfa haldist. Nýting lands skal byggjast á viðmiðum um sjálfbærni sem taka mið af ástandi lands og lýst er í reglugerð þessari.“

Við mat á því hvort landnýting teljist sjálfbær skal leggja til grundallar þær meginreglur að nýtingin:

1. taki mið af ástandi lands, sbr. 6. gr.,
2. stuðli að viðhaldi eða eflingu líffræðilegrar fjölbreytni vistkerfis,
3. stuðli að vernd, viðhaldi og uppbyggingu jarðvegs,
4. stuðli að vernd, viðhaldi og auknu kolefni í jarðvegi og gróðri og lágmarki losun gróðurhúsalofttegunda,
5. stuðli að vernd og viðhaldi vatnsmiðlunar og vatnsgæða,
6. stuðli að vernd, viðhaldi og auknum loftgæðum

Heimild: [670/2024 – Reglugerð um sjálfbæra landnýtingu](#). [Sótt 5. nóvember 2025]

Viðauki 2 – Land og líf: Stefna og aðgerðaáætlun stjórnvalda

Lykilviðfangsefni landgræðslu og skógræktar eru gróður- og jarðvegsauðlindir landsins. Land og líf stefnan fjallar um hvernig megi vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands. Land og skógur á hlutdeild að stefnu stjórnvalda (Land og líf) með öðrum samstarfsaðilum:

- Ríkið
- Sveitarfélög
- Landeigendur
- Þátttaka almennings í landgræðslu- og skógræktarstarfi

Stefnuáherslur Lands og lífs til ársins 2031 eru eftirfarandi:



Mynd 1: Stefnuáherslur Lands og lífs

Heimild: Land og líf: Landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt – [Stefna og framtíðarsýn](#) í landgræðslu og skógrækt til ársins 2031 (2022).
Land og líf: [Aðgerðaáætlun](#)



Mynd 2: Tengsl við aðrar stefnur, áætlanir og alþjóðlegar skuldbindingar



Land og skógur

- leiðandi í sjálfbærri landnýtingu -